


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Teikningar og verklýsingar í húsgagnasmíði</b>	
	<b>THG203</b>	
	<b>Kennsluáætlun haustannar 2013</b>	

<b>Kennari</b>	Halldór Torfi Torfason	<b>Sk.st.</b>	HTT
----------------	------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing

Í áfanganum fá nemendur þjálfun í að lesa og gera uppdrætti af algengum húsgögnum. Þeir teikna hornréttar fallmyndir eftir ákveðnum frummyndum, sniðmyndir, skurði og hlutamyndir þar sem fram koma samsetningar, málsetningar, efnisnotkun, m.m. Komið er inn á algengar útfærslur á húsgögnum, verklýsingar, fagheiti, málvik, teiknitákn m.m. Lögð er áhersla á að þjálfna notkun og skilning á hvers konar verkögnum sem tengjast húsgagnasmíði og teikningu rissmynda við útfærslur deililausna. Fjallað er um framleiðslu húsgagna, framleiðsluferli, tímaáætlanir, gerð efnislista, efnisafföll og kostnaðarútreikninga á grundvelli verkagagna og upplýsinga frá seljendum. Áfanginn er ætlaður húsgagnasmíðum og byggist kennslan fyrst og fremst á verkefnavinnu.

### Áfangamarkmið


Nemandi

- þekki uppbyggingu og samsetningar á algengum gerðum húsgagna
  - þekki stöðluð mál á helstu tegundum húsgagna
  - þekki reglur sem gilda um einstakar samsetningar
  - hafi innsýn í tæknilegar útfærslur algengra húsgagna
  - þekki upplýsingar og leiðbeiningar um gerð og viðhald húsgagna
- geti lesið og unnið með teikningar af húsgögnum
  - þekki gerðir uppdráttar og teikninga og öll almenn teiknitákn
  - þekki fagheiti og skilgreiningar í húsgagnateikningum
  - geti lesið og skilið merkingar á teikningum og meðfylgjandi verklýsingar
  - geti lýst framleiðsluferli og gert tímaáætlanir með hliðsjón af teikningu
  - geti gert efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli teikninga
  - geti yfirfært teikningar í skapalón í mismunandi mælikvörðum
- geti teiknað algeng húsgögn
  - þekki teikniaðferðir og teiknireglur fyrir húsgagnateikningar
  - geti gert fríhendisrissmyndir, flatar- og rúmteikningar af húsgögnum
  - geti gert sniðmyndir, skurði og hlutamyndir af húsgögnum með málvikum

### Efnisatriði/kjarnahugtök

Plötuhúsgögn, grindarhúsgögn, plötu- og grindarhúsgögn, sethúsgögn, hillur, skápar, borð, stólar, trésmsetningar, reglur um samsetningar, stöðluð mál á húsgögnum, tæknilegar útfærslur, teiknitákn, fagheiti, skilgreiningar, verklýsingar, framleiðsluferli, tímaáætlanir, efnislisti, kostnaðarútreikningar, afföll, skapalón, teiknistaðlar, blaðstærðir, áritun, mælikvarði, teikniáhöld, rissmyndir, flatarmyndir, rúmmyndir, sniðmyndir, skurðir, hlutamyndir, málvik.

**Námsgögn:** Upplýsingar frá kennara

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Teikningar og verklýsingar í húsgagnasmíði</b>	
	<b>THG203</b>	
	<b>Kennsluáætlun haustannar 2013</b>	

**Verkefni og yfirferð:** Unnin verkefni í tengslum við PLG 106 OG SET 104. Í byrjun verður aðalverkefni PLG 106 (taflborð) teiknað og teikningin notuð að hluta við smíðina. Mikilvægt er því að teiknvinnan verði á undan smíðinni. Teiknaðir verða stólar, skápar og ýmsar samtengingar timburs. Gerðar verða efnisskýrslur og kostnaðarútreikningar. Farið verður yfir sögu húsgagnaframleiðslu á Íslandi, skoðuð húsgögn frá „gullaldartímabilinu“ 1950–1970 og hvernig íslensk húsgagnasmíði stendur í dag.

Námsgögn	
Bækur	TRÉSMÍÐI – hönnun, útfærsla, skipulag, IÐNÚ 2010
Ljósrit	Teikningar frá kennara
Annað	Tímarit um arkitektúr og hönnun – bókasafn VMA

Námsmat	Lýsing	Vægi
Verkefnaskil	Þegar önninni lýkur, í 49. viku, skulu verkefni vera útprentuð á A2 blöð og í möppu í B03	100%

Kennsluáætlun þessa er einnig að finna á <http://www.vma.is/namid/>

Réttur til breytinga áskilinn

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils